



á viðavangi

Miðjan og kanturinn

A undanförunum áratugum hefur verið mjög áberandi meðal þeirra sem lengst standa til hægri eða vinstri, að þeir hafa reynt að nálgast hina raunsæju farsælu miðju í stjórnámalum. Með nokkurra ára millibili er síðan eins og þessi öfl reyni að hrísta veruleikann af sér og ná aftur til liðins uppruna síns. Hvort sem lítið er til hægri eða vinstri í íslenskum stjórnámalum nú er eins og þessi viðleitni sé mjög fyrirferðarmikil um þessar mundir. Alþýðubandalagið leitar sér „evrópsks“-kommúnisma, en sumir Sjálfstæðismenn sjá í Glistrup hinum danska frelsara sinn.

Nú er sannleikurinn sá að Sjálfstæðisflokknum hefur tekizt að ná talsvert inn að miðjunni á síðustu áratugum, og innan flokksins hafa starfað menn sem hafa fylgt frjálshlyndum sjónarmiðum. A sama hátt hefur flokkurinn notið umtalsverðs fylgis meðal launamanna og flokksmenn hans komizt til forystu í verkalyðsfélögum. Að sumu leyti verður það því sagt um Sjálfstæðisflokkinn, að hann hefur getað horft í augu við veruleikann og er ekki að öllu leyti sami flokkurinn og íhaldsflokkurinn var forðum daga.

Þetta sést reyndar bezt af störfum forystumanna flokksins í þeirri MIDJUSTJÖRN sem nú situr að störfum hér á landi, mynduð af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

Vafamálin sem nú eru fram undan innan Sjálfstæðisflokksins eru þau, að vaxtar-

broddur flokksins virðist fátt sjá annað en öfgafulla hægri-sinnaða KANTSTEFNU, andhverfu þeirra villtu öfga sem ungir sósíalistar hafa sér að áhugaefnum. Í stuttu máli er hér um það að ræða að draga í efa árangur félagsmála-framsóknar Íslendinga á undanförunum áratugum, varpa rýrd á velferðarþjóðfélagið og stofnanir þess og íklæða óánægju með ríkisvaldið Glistrupskum búningi. Um hið síðastnefnda er það að segja sérstaklega að óánægja með kerfið á fullan rétt á sér, enda stendur þar margt til bóta, ekki hvað sízt í Reykjavík þar sem skrifstofubákn borgarinnar vex innan um ríkisstofnanirnar. En frá heilbrigðri raunsæri og framsækinni gagnrýni er langt yfir í slagorðið „báknid burt“ og annað í slíkum dúr.

Nýtt hægra framboð?

Dagblaðið í Reykjavík hefur frá upphafi gerzt talsmaður þessara sjónarmiða, og hefur það notið til þess háværra manna úr öðrum flokkum. Aftur og aftur hafa menn haldið, að nú hlyti að koma að því að fullkominn viðskilnaður yrði af þessum sökum með fylgismönnum blaðsins og stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar innan Sjálfstæðisflokksins. Jafnóft hafa menn þó séð, að Sjálfstæðisflokkurinn virtist þenja sig út yfir þessar andstæður og hjúpa þær pilsfaldi síns mikla valds og hagsmuna.

Þrátt fyrir þetta bendir margt til þess nú að undanförunu að Dagblaðið yrði knúð

til hlýðni og undansláttar. Reyndar hefur aldrei annað komið til mála þar en að styðja flokkinn þegar á hölm-inn yrði komið, en óþolinmæðin virðist hafa aukizt nú að undanförunu. Ritstjóri Dagblaðsins hefur maldað í mönn, en lengst af var það þó einungis persónulegur pirringur og smápústrar.

Um þessar mundir finnst honum loks að farið sé að þrengjast iskyggilega um sinn hag. Nú er komið að beinum hótunum. Síðastliðinn miðvikudag segir Dagblaðið þannig í forystugrein eftir Jónas Kristjánsson um óánægju hægri-sinnaðra manna með flokka sína:

„Sama gildir um svik hægri stjórna við sinn málstað. Þau leiða oft til framboðs hópa yzt á hægri væng. Það síðara gæti orðið uppi á teningnum í þetta sinn. Akveðin refsing getur fylgt þessum flokkum. Nokkur hundruð atkvæði sem tekin eru frá stórum flokki geta leitt til þess, að hann missi einn uppþótarþingmann og hugsanlega kjördæmakosna þingmenn.“

Síðar í leiðaranum segir: „Í landinu er fullt af hæfum mönnum sem rúmast ekki vel innan gömlu flokkanna, en ættu heima á alþingi utan flokka.“

— Verður að segja að hótun Jónasar er ekki vel dulbúin ef hann ætladi þá að tala nokkra tæpitungu til flokksbræðra sinna í Sjálfstæðisflokknum yfirleitt.

Lífhöfnin

En loks slær hann þó athyglisverðan varnagla í þessari sömu forystugrein, og má segja að hann tryggji sig þannig bæði í bak og fyrir. Hann segir:

„En ákveðnastur allra í að hagnast á óvinsældum ríkisstjórnarinnar er þó Alþýðuflokkurinn. Þar er kosningaundirbúningurinn í fullum gangi, enn er flokkurinn gömul lífhöfn óánægðra sjálfstæðismanna.“

Svo mörg voru þau orð, og hefur Alþýðuflokknum ekki lengi verið gefin fullkomin skilgreining og nafn í jafn stuttu máli. JS

Starfsfólk óskast

Timinn óskar að ráða fólk til eftirtalinna starfa:

1. til auglýsingasöfnunar.
2. til vélritunar, móttöku auglýsinga og umsjá með spjaldskrá.
3. til innheimtustarfa.

Nánari upplýsingar hjá auglýsingastjóra sími 86-300 eða 86-396.

Tíminn

Síðumúla 15.

Gullsmiðurinn s.f.

Þjónusta fyrir landsbyggðina

Sendið okkur (í ábyrgð) þá skartgripi sem þér þurfið að láta gera við, ásamt smálýsingu á því sem gera þarf, heimilisfangi og símanúmeri. Að aflokinni viðgerð, sem verður innan 5 daga frá sendingu, sendum við ykkur viðgerðina í póströfu. Allar viðgerðir eru verðlagðar eftir viðgerðaskrá Félags Isl. Gullsmiða.

Stækkum og minnkum hringi (sendum málspjöld), gerum við armbönd, nælur, hálsmen, þræðum perlufestar. Sendum einnig í póströfu allar gerðir skartgripa.


Fljót, góð og örugg þjónusta. Hringið og leitið upplýsinga.

Gullsmiðurinn s.f.
Frakkastíg 7 101
Reykjavík
Sími (91) 1-50-07.



Alternatorar og startarar

í Chevrolet, Ford, Dodge, Wagoneer, Fiat o.fl. í stærðum 35-63 amp. 12 & 24 volt.
Verð á alternator frá kr. 10.800.
Verð á startara frá kr. 13.850.
Amerísk úrvalsvara.
Viðgerðir á alternatorum og störturum.
Póstsendum.



BÍLARAF H.F.
Borgartúni 19
Sími 24-700

„Auglit til auglits“

— norræn myndlistarsýning, sem væntanleg er á Kjarvalsstaði

Kás-Reykjavík. Norræna myndlistarsýningin „Auglit til auglits“ er væntanleg hingað til lands í haust. Hún mun standa yfir á Kjarvalsstöðum dagana 10. - 25. september að báðum meðtöldum. Sýningin kemur hingað á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og Félags íslenskra myndlistarmanna, sem er aðili að því, segir í fréttatilkynningu, sem blaðinu hefur borizt.

A aðalfundi myndlistarbandalagsins árið 1974 var endanlega ákveðið að fela Staffan Gullberg, listfræðingi í Stokkhólmi, að setja saman norræna samsýningu myndlistarmanna af nýrri gerð. Þessi sýning Gullbergs (hann hefur verið algjör-

lega einráður um skipulagningu hennar, val verka og höfunda þeirra) var lengi í mótn. Hann ferðaðist milli landanna fimm árin 1975 og 1976, kynnti sér stefnur og leiðir í myndlist, skoðaði sýningar og heimsótti marga myndlistarhöfunda. Hingað til lands kom hann tveggis í þessu skyni. Arangurinn af starfi Gullbergs varð sýningin: „Auglit til auglits“. Með sýningunni vill Gullberg sýna okkur myndlist og formótun í viðara samhengi en tíðkæzt hefur, vika frá hinum sérfræðilegu sjónarmiðum og tekur þá um leið mið af umhverfisvandamálum síðustu ára og áratuga.

Mikið hefur verið rætt og ritað um sýninguna á hinum Norður-

löndunum, og eru menn ekki á einu máli um listrænt gildi hennar eða hittni boðskaparins, ef hann er þá einhver einn og sérstakur. Í norskum blöðum er talið, að sýningin eigi einkum að kenna mönnum að sjá og uppgötva að nýju hluti eða staðreyndir, sem þeir eru fyrir löngu hættir að skynja sakir hraða og vélvæðingar nútímans.

Íslenskir þátttakendur í sýningunni „Auglit til auglits“ eru þessir: Agust Petersen, Hildur Hákonardóttir, Hringur Jóhannesson, Óskar Magnusson, og Blómey Stefánsdóttir. Auk listaverka þeirra er sýnt íslenskt hraungrjót, bárujárnsplötur, ljósmyndir af torfbæjum og bárujárns húsum.

Kvenfólk í ábyrgðarstöðum þingar á Íslandi

Dagana 12.-15. ágúst halda Zontaklúbbur á Norðurlöndum svæðismót sitt að hóteli Loftleiðum í Reykjavík.

Zonta eru alþjóðleg félagssamtök kvenna, sem gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu. Aðalstöðvar samtakanna eru í Chicago.

Sambandið skiptist í 16 svæði með starfssvið við á heim. Norðurlöndin fimm mynda þrettanda svæði með 59 klúbba,

þar af 3 á Íslandi, og samtals um 2200 félagskonur.

A mótnu verða rædd félagsmál samtakanna. Ennfremur mun Sigurður Þórarinnsson prófessor flytja erindi um náttúru landsins, og Stefán Karlsson mag. art. um handritin. Farnar verða skoðunarferðir um Reykjavík og til nálægra staða.

Zoptaklúbbur starfa að ýmiss konar menningar- og mannúðarmálum. T.d. má geta þess, að

Zontaklúbbur Reykjavíkur hefur með námsstyrkjum og tækjagjöf um beitt sér fyrir umbótum í málum heyrnarskertra, Zontaklúbbur Akureyrar stofnaði og starfrækir Nonnasafnið á Akureyri og Zontaklúbbur Selfoss vinnur að málum sjúkrahússins. Í alþjóðlegu samstarfi Zontaklúbba hefur verið lögð megináherzla á aðstoð við konur í þróunarlöndum.

Um 200 þátttakendur verða á mótnu.



Lausar stöður við skólana á Sauðárkróki

Staða Hjúkrunarfræðings við Gagnfræðaskóla, Barnaskóla og Leikskóla Matreiðslumaður í heimavist Gagnfræðaskóla og Iðnskóla.

Ráðsmaður í heimavist Gagnfræðaskóla og Iðnskóla.

Húsvörður í Gagnfræðaskóla.

Þessar stöður eru lausar frá 1. september, eða eigi síðar en 1. október n.k.

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst, og skulu skriflegar umsóknir berast á bæjarskrifstofurnar við Faxatorg fyrir þann tíma. Upplýsingar verða gefnar af skrifstofustjóra og bæjarstjóra í síma 95-5133.

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki.